

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/911 frá 15. desember 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingarnar sem tilkynna skal í tengslum við starfsemi rekstrarfélaga og verðbréfasjóða sem nær yfir landamæri ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 30h (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1212) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„30i. **32024 R 0911**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/911 frá 15. desember 2023 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru upplýsingarnar sem tilkynna skal í tengslum við starfsemi rekstrarfélaga og verðbréfasjóða sem nær yfir landamæri (Stjtið. ESB L, 2024/911, 25.3.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/911, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/911, 25.3.2024.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.